



Orlof 2005

# VRblaðið

2. tbl. 27. árgangur mars 2005

# í þessu blaði...

05 Sumarleiga - vetrarleiga  
skammtímaleiga

06 Húsafell

07 Stóri - Kambur

08 Stykkishólmur

09 Súðavík

10 Varmahlíð

11 Hrísey



08

12 Akureyri

13 Aðaldalur

14 Einarssstaðir

15 Kirkjubæjarklaustur

16 Vestmannaeyjar

17 Flúðir



11

18 Valdimars Slott

Fæddist í orlofshúsi VR fyrir 10 árum

20 Skyggnisskógur

21 Miðhúsaskógur

22 Vaðnes

23 Ölfusborgir

25 Tjaldvagnar



20



18



LEIÐARI

# VR – varasjóður

Félagsmenn VR hafa gert kröfu um meiri sveigjanleika og frjálsræði í nýtingu á inneign sinni í sjóðum félagsins. Aukin harka og hraði á vinnumarkaði og minnkandi starfsöryggi kalla á meiri þörf fyrir endurmenntun og afkomuöryggi.

Á sama tíma hefur ríkisskattstjóri úrskurðað að styrkir sjúkrasjóða stéttarfélaga til forvarna, endurhæfingar og hjálpatækja s.s. vegna líkamsræktar og gleraugnakaupa séu skattskyldir. Jafnframt er orlofs-húsarekstur stéttarfélaga orðinn umdeildari og æ fleiri félagsmenn telja hann tímasketkju þó vissulega sé það jafnframt stór hópur sem metur þá þjónustu mikils. Þessi þróun er e.t.v. eðlileg í ljósi mikillar fjölgunar orlofshúsa hér á landi hin seinni ár og ódýrari flugfargjalsa til útlanda. Á árunum 1996 til 2004 er áætlað að orlofshúsum hafi fjölgða úr 5000 í 11.000 eða um 120%.

VR hefur undanfarið ár verið að skoða ýmsar leiðir til að nýta núverandi stöðu til að efla enn frekar tryggingarvernd félagsmanna. Á síðasta aðalfundi var svo kynnt tillaga stjórnar félagsins um að stofn-aður verður séreignarsparnaður félagsmanna, þ.e. hluti af iðgjöldum verði lagður inn á sérgreindan sparnað sem hver og einn getur ráðstafað að mestu eftir því sem hann telur best.

Séreignarsparnaður af þessu tagi yrði varasjóður félagsmannsins sem hann gæti nýtt til endurmenntunar en jafnframt áfram til forvarna og endurhæfingar, til orlofsdvalar, til framfærslu ef hann missir vinnuna, ef heilsan brestur eða þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

Áfram yrði hægt að taka út úr sjóðnum til að standa straum af smærri kostnaðarliðum en félagið myndi hvetja alla félagsmenn til að safna í sjóðinn til geta mætt stærri áföllum, s.s. atvinnuleysi eða til að mæta endurmenntunarþörf á seinni hluta starfsævinnar.

## Samtrygging breytist ekki

Stærstur hluti iðgjalfa myndi áfram renna til samtryggingar félagsins til að standa straum af sjúkra- og slysadagpeningum, dagpeningum vegna veikinda barna, örorkubótum, dánarbótum og lögfræðiaðstoð til félagsmanna. Einnig yrði dvöl félagsmanna í orlofshúsum ennþá niðurgreidd, en þó í minna mæli en verið hefur.

Stjórn VR fékk umboð aðalfundar til að vinna áfram að hugmyndum um stofnum persónubundins varasjóðs en stefnt er að því að hann taki gildi á næsta ári. Ýmis tæknileg úrlausnarefni á enn eftir að leysa s.s. utanuhald sjóðsins.

Ríkisskattstjóri setti sig í samband við okkur eftir að þessi hugmynd okkar rataði í fjölmíðla og gerði athugasemdir við framkvæmd hennar. Skattayfirvöld vilja m.a. skattleggja hluta iðgjalfa sem renna myndu í sjóðinn en að okkar mati jafngilti það tvískattlagningu. Við erum ekki sammála skattayfirvöldum og viljum vinna málið áfram. Stjórnin mun á næstunni skoða hvernig best er að bregðast við þessum athugasemdum og koma með tillögur um framkvæmd sjóðsins til að tryggja að ekki verði um tvískattlagningu félagsgjalda að ræða.

GPP

# Orlofshús VR

## ...hringinn í kringum landið



### Fjarlægðir frá Reykjavík

Akureyri	390 km	Miðhúsaskógur	110 km
Aðaldalur	470 km	Skyggnesskógur	110 km
Einarssstaðir	715 km	Stóri-Kambur	185 km
Flúðir	103 km	Stykkishólmur	170 km
Hrísey	415 km	Súðavík	441 km
Húsafell	130 km	Vaðnes	55 km
Kirkjubæjarklaustur	260 km	Varmahlíð	294 km



# Sumarleiga - vetrarleiga skammtímaleiga

## Sumarleiga

Orlofshús VR eru leigð í viku í senn á sumrin. Sækja þarf sérstaklega um á umsóknareyðublaði sem fylgir þessu blaði eða á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Úthlutað er eftir sérstökum reglum þar um, en reglurnar eru birtar í heild sinni á bls. 32. Umsóknarfrestur er til 15. apríl og mun úthlutun liggja fyrir 3. maí. Allir umsækjendur fá niðurstöðurnar sendar hvort sem þeir hafa fengið úthlutað eða ekki. Ef folk ætlað að nýta orlofsávisun sína upp í greiðslu þarf að undirrita leigusamning á skrifstofu VR í síðasta lagi 9. maí, annars fellur úthlutun úr gildi. Þeir sem greiða í banka þurfa einnig að greiða í síðasta lagi 9. maí og fá þá sendan leigusamning heim.

## Tjaldvagnar

Hægt er að leigja tjaldvagna á sama hátt og orlofshús. Þeim er úthlut að 6 daga í senn. Athugið þó að ef það er laus vika fyrir eða eftir úthlutaða viku er mögulegt að fá hana leigða og hafa vagninn í hálfan mánuð. Sjá nánar á bls. 25.

## Skammtímaleiga

Undanfarin ár hefur verið hægt að sækja um svokallaða skammtímaleigu í ákveðnum húsum og gildir þá sú regla að sá fær húsið sem bókar fyrst, hvort sem er á netinu, í síma eða á skrifstofu VR. Þetta

getur verið heppilegt ef þú vilt fremur vera á faraldfæti en á sama stað í heila viku. Bóka þarf minnst einn virkan dag og mest fjóra eða heila helgi, þ.e. frá föstudagi til sunnudags. Frá og með 29. apríl er hægt að bóka hús á þennan hátt. Mögulegt er að bóka 8 vikur fram í tímann. Sjá nánari upplýsingar á bls. 28 og á [www.vr.is](http://www.vr.is).

Eftirfarandi staðir verða í skammtímaleigu fyrir félagsmenn í sumar: Miðhúsaskógur (6 hús), Kirkjubæjklaustur (1 hús), Einarssstaðir (1 hús), Vaðnes (2 hús) og Akureyri (2 íbúðir). Verð fyrir einn sólarhring í húsi með potti er kr. 5.000 en annars staðar kr. 3.700. Helgarleiga í húsi með potti er kr. 12.500 en annars staðar kr. 9.500.

## Vetrarleiga

Að vetri til eru húsin leigð til félagsmanna yfir helgar, frá föstudagi til sunnudags og gildir þá sú regla að sá fær húsið sem fyrst bókar hvort sem er á netinu, í síma eða á skrifstofunni. Húsin eru ekki leigð lengra fram í tímann en 12 vikur og bókun þarf að greiða innan tveggja daga, annars fellur hún úr gildi. Athugið að húsin í Ölfusborgum og á Einarss töðum eru leigð út af rekstrarfélögum viðkomandi staða á veturna. Sjá nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is).



# Húsafell



VR á þrjú nýleg orlofshús í Húsafelli í Borgarfirði. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin og um helgar og virka daga að vetrí til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lykill er í lyklaskáp sem staðsettur er við hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjónaraðilar VR í Húsafelli er Ferðaþjónustan í Húsafelli, Bergþór Kristleifsson og Hrefna Sigmarsdóttir, símar 435 1550 og 892 1550. Vinsamlegast hafið samband við umsjónarmenn ef eitthvað bjátar á.

## Nágrennið


Skammt frá húsi Ferðaþjónustunnar er fót-boltavöllur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt frá sundlauginni. Snjósleðaferðir upp á Langjökul eru vinsælar meðal orlofshúsagesta í Húsafelli en Langjökull hf. rekur snjósleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á jökulinn. Ekki er langt að fara í hellana Viðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar eru sannkallað augnayndi. Ferðaþjónusta er í Húsafelli yfir sumartímann, sími 435 1550. Þar er að fá algengar mat- og hreinlætisvörur, léttar veitingar, bensín og olíu.

Fjöldi húsa	3
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika 22.900

**Vetur**  
Helgi 12.500 - sólarhringur 2.100





# Stóri-Kambur



Á Stóra-Kambi á Snæfellsnesi á VR orlofshús á tveimur hæðum, með tveimur íbúðum. Hvor íbúð er um 100 fermetrar að stærð og er önnur ætluð til dvalar fyrir átta manns og hin fyrir tíu. Íbúðirnar eru leigðar til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lykill eru í lyklaskáp sem staðsettur er við inngang íbúðanna, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjónarmaður er Guðjón Jóhannesson, Syðri-Knarrartungu, símar 435 6769 og 860 7363. Ef eitthvað bjátar á, hafið samband við hann.

## Nágrennið

Stóri-Kambur var eitt sinn bónabýli og er mitt á milli Búða og Arnarstapa. Gönguleiðir eru margar og m.a. er hægt er að ganga niður í fjöru beint neðan af bænum. Rólur, sandkassi og rennibraut eru neðan við húsið. Sé litið í vestur frá Stóra-Kambi er um 7 km. leið á Arnarstapa þar sem er m.a. miðstöð ferða á Snæfellsjökul. Hellnar eru við inngang þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Í næsta nágrenni eru ferðaþjónustuaðilar sem bjóða upp á vél-sleðaferðir á jökulinn, hestaferðir, sjóstanga-veiði og hvalaskoðun. Aðrir sérhæfa sig í ró og kyrrð, dulúð og þeim mætti sem talinn er stafa frá jöklinum.

## Fjöldi íbúða

2

Efri hæð Neðri hæð

Stærð í m <sup>2</sup>	120	100
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	3	4
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	8	10
Sængur og koddar	8	10
Borðbúnaður	10	12

## Verð

### Sumar

Vika 20.300

### Vetur

Helgi 9.500 - sólarhringur 1.600





# Stykkishólmur



Orlofshús VR í Stykkishólmi er einbýlishús að Sjávarflöt 6. Það er leigt til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brott-farartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lykill er í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í húsið, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað.

Umsjónarmaður er Ingveldur Ingólfssóttir, Áskinn 1, heimasími 438 1344.

## Nágrennið

Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi. Þangað eru um 170 km frá Reykjavík eða 2-3 klst. akstur. Ýmislegt er hægt að gera sér til dægrastytingar í Stykkishólmi, vinsælt er t.d. að ganga út á höfðann á hafnarsvæðinu, einnig er hægt að ganga á fjöru út í Landey.

Sundlaug og golfvöllur er á staðnum.

Þá bjóða Sæferðir upp á siglingu um Breiðafjörðinn og Ferjan Baldur siglir út í Flatey. Einnig er hægt að leigja kajaka og ágæt veitingahús eru í bænum.


Upplýsingamiðstöð ferðamála: sumarsími 438 1150 og vetrarsími 438 1750.

Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	110
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	4
Svefn loft	Nei
Svefnpláss	10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	10

## Verð

**Sumar**  
Vika 22.900

**Vetur**  
Helgi 12.500 - sólarhringur 2.100





# Súðavík



Á Súðavík hefur VR eina íbúð í parhúsi að Nesvegi 15A til leigu í sumar. Íbúðin er leigð til félagsmanna viku í senn sumarið 2005. Komu- og brottfarartími er inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Umsjón er í höndum Sumarbyggðar hf., símar 456 4986 og 861 4986. Lyklarnir eru í íbúðinni á skiptidegi. Hægt er að fá uppbún rúm og kostar það aukalega 800 kr pr. sett. Vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann, Vilborgu Arnarsdóttur, ef eithvað fer úrskeiðis.

## Nágrennið

Súðavík er um 200 manna sjávarþorp í Álfatarfirði við Ísafjarðardjúp, um háltíma akstur frá Ísafirði. Náttúruunnendur geta valið úr fjölmögum gönguleiðum, farið í fjörugerð, fuglaskoðun eða veitt víða í hreppnum. Einnig er hægt að skreppa í sjóstangaveiði. Frá 17. - 19. júní eru svokallaðir Bryggjudagar sem er fjölskylduhátið þar sem m.a. er boðið uppá dorgveiði, grill og siglingu úti Æðey. Aðra helgina í ágúst er „Listasumar“ þar sem tónlist er í hávegum höfð. Upplýsingamiðstöð ferðamála á Vestfjörðum er á Ísafirði, sími 456 5121.

Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	80
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8

## Verð

Sumar  
Vika 20.300





# Varmahlíð



Í Varmahlíð í Skagafirði hefur VR til útleigu 2 orlofshús. Þau standa neðan vegar og eru nr. 1 og 7. Húsin eru leigð til félagsmanna viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjónarmaður er á svæðinu er Guðbjörg Guðmannsdóttir, Birkimel 14, í Varmahlíð,

sími 892 3080. Ef eithvað bjátar á vinsamlegst hafið samband við umsjónarmann.

## Umhverfið


Varmahlíð í Skagafirði er um 294 km. frá Reykjavík og er þekktur áfangastaður ferðamanna á norðurleið. Í Skagafirði eru þekktir sögustaðir í allar áttir og innan við hálfíma akstur til Sauðárkróks. Mjög góð sundlaug er í Varmahlíð og hestaleiga á staðnum. Hægt að fara í rafting í Skagafirði, veiðileyfi fást víða og ekki er langt að sigla út í Drangey. Golfvellir eru á Sauðárkróki og í Lónkoti. Upplýsingamiðstöð ferðamála í síma 453 8860.


Fjöldi húsa	2
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Já
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika 22.900

**Vetur**  
Helgi 12.500 - sólarhringur 2.100





# Hrísey



Jónatanshús í Hrísey er aftur í boði fyrir félagsmenn VR í sumar en mikil ánaðgja var með það í fyrra. Húsið er staðsett inni í miðjum byggðarkjarnanum og þaðan er fall-eft útsýni yfir höfnina og inn Eyjafjörðinn. Um er að ræða tvílyft einbýlishús uppgert í gamaldags stil sem verður leigt til félagsmanna í sumar, viku í senn. Komu- og brott-farartími er inn kl. 17 og út kl. 12 eða í sam-ræmi við siglingar ferjunnar.

## Lyklar og umsjón

Lyklar að Jónatanshúsi í Hrísey eru afhentir í ferjunni. Umsjónarmaður er Siggína á Hæli, sími 466 3072. Ef fólk óskar eftir kemur hún á dráttarvélinni og ekur farangri á áfangastað. Vinsamlegast hafið sambandi við umsjónar-mann ef eitthvað fer úrskeiðis.

## Umhverfið

Hríseyjarferja fer frá Árskógrssandi á klukku-tíma fresti frá kl. 9:30 til 23:30 yfir sumar-tímann út í Hrísey, sem er önnur stærsta eyja við Ísland á utanverðum Eyjafirði. Þar búa um 250 manns. Náttúrufegurð og fuglalíf er mikið og merktar gönguleiðir fyrir þá sem vilja skoða sig um. Hákarlasafn er í eyjunni, hægt að fara á sjóstöng og leika golf. Á staðnum er einnig sundlaug, pósthús, banki, veitingahús og verslun. Athugið að alls ekki er nauðsyn-legt að hafa bílinn með út í Hrísey og algjör-lega bannað er að fara með hunda eða ketti út í eyjuna.

Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	70
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Já
Svefnpláss	10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	10
Uppþrottavél	Já
Hljómflutningstæki	Já
Videó	Já

## Verð

**Sumar**  
Vika 22.900





# Akureyri



Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10 á Akureyri, merktar A, B, C, G og K. Allar íbúðirnar eru á annarri hæð og er gengið inn í þær af svöllum hússins. Íbúðirnar eru leigðar til félagsmanna allt árið; í viku eða skammtímaleigu á sumrin en ýmist um helgar eða á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartímar á sumrin eru inn kl. 17 og út kl. 12 en á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar að íbúðunum eru afhentir hjá Securitas - Akureyri ehf., að Tryggvabraut 10. Þær er opið allan sólarhringinn. Lyklum er skilað á sama stað. Umsjón með íbúðunum hefur Securitas, sími 460 6261. Vinsamlegast hafið samband þangað ef eitthvað kemur upp á.

## Akureyri

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna; Nonnahús, Sigurhæðir og Davíðshús. Lystigarðurinn við hliðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útvistarsvæði með leiktækjum og útigrilli fyrir almenning. Þá er auðvitað hægt að skella sér í sund og á skíði þegar viðrar þannig. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er í Hafnarstræti 82, sími 462 7733.

Á fyrstu hæð, fyrir neðan K-íbúð, er geymsla merkt VR. Þær eru barnarúm og stóll, straubretti og straujárn. Þvottaherbergi með þvottavél er á fyrstu hæð til vinstri handar þegar komið er inn um aðalinngang hússins.

Fjöldi íbúða	5
Stærð í m <sup>2</sup>	54
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

### Sumar


Vika 20.300

### Skammtímaleiga:

Helgi 9.500 - sólarhringur 3.700

### Vetur

Helgi 9.500 - sólarhringur 1.600





# Aðaldalur



Í Hraunbyggð í Aðaldal hefur VR eitt hús til leigu fyrir félagsmenn. Húsið er leigt til félagsmanna viku í senn sumarið 2005. Komu- og brottfarartími er inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lykill er í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í húsið. Kóða þarf til að sækja lykilinn og er honum skilað á sama stað. Umsjónarmaður í Aðaldal er Sigríður Sigurðardóttir á Núpum, sími 464 3576 og 896 3576. Vinsamlegast hafið samband við hana ef eitthvað fer úrskeiðis.

## Nágrennið

Hraunbyggð í Aðaldal er 10 km. fyrir sunnan Húsavík, í landi Núpa í Aðaldalshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, um 470 km. frá Reykjavík. Náttúrufegurð er mikil í Aðaldal og stutt í alla þjónustu í Húsavík. Það er t.d. miðstöð hvalaskoðunarar á Íslandi og daglegar hvalaskoðunarferðir á sumrin. Á náttúrugripasafnini gefur að líta einn stærsta ísbjörn sem felldur hefur verið á Íslandi. Hægt er að komast í veiði í nágrenninu, fara á hestbak, afbragðs skíðasvæði er við Húsavík og ágæt sundlaug. Það er gott berjaland í Aðaldal. Upplýsingamiðstöð ferðamanna er á Húsavík, sími 464 2520.

Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	44
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

Sumar  
Vika 20.300





# Einarsstaðir



VR hefur til umráða 4 hús að Einarsstöðum, 2 í eigu VR og 2 í eigu annarra. Húsin eru leigð til félagsmanna í viku í senn á sumrin og einnig í skammtímaleigu. Rekstarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá er pantað hjá þeim. Komu- og brottfarartími: inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru afhentir hjá Guðna Hermannssyni umsjónarmanni í húsi nr. 32 á orlofshúsa- svæðinu. Símar eru 471 1734 og gsm 861 8310. Vinsamlegast hafið samband þangað ef þörf er á aðstoð eða upplýsingum.

## Nágrennið

Einarsstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólur, sandkassi og rennibraut eru staðsett á þremur stöðum á svæðinu. Á Einarsstöðum er mikil náttúrufegurð og merktar gönguleiðir eru um svæðið. Sundlaugar eru á Hallormsstað og á Egilsstöðum. Á Egilsstöðum eru veitingahús, hestaleiga, golfvöllur og vatnasleðaleiga.

Stutt er í Hallormsstaðaskógi og að Lagarfljóti. Upplýsingamiðstöð Austurlands er á Kaupvangi 10 á Egilsstöðum, sími 471 2320.

Fjöldi húsa	4
Stærð í m <sup>2</sup>	45
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð


### Sumar

Vika 20.300

### Skammtímaleiga:

Helgi 9.500 - sólarhringur 3.700





# Kirkjubæjarklaustur



VR á parhús með 2 íbúðum að Skaftárvöllum 3 og 3a á Kirkjubæjarklaustri. Þau eru leigd til félagsmanna allt árið; ýmist í viku eða skammtímaleigu á sumrin en yfir helgi eða á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskápum sem staðsettir eru við inngangana í íbúðirnar, kóða þarf til að sækja þá. Lyklum skal skilað á sama stað. Umsjónarmaður er Elín G. Árnadóttir, sími 487 4673. Ef eitthvað kemur upp á vinsamlegst hafið samband við hana.

## Nágrennið

Að Kirkjubæjarklaustri eru um 260 km. frá Reykjavík. Ýmislegt er hægt að gera sér til dægradvalar á Klaustri t.d. ganga að Systrastapa, upp á Klausturheiði ofan við Syrafoss eða skoða Kirkjugólfíð sem er skammt austan við orlofshús VR. Leiktæki fyrir börn eru í garðinum við húsið. Sundlaug er við skólann, sem opin er yfir sumartímann. Gaman er að gagna upp með Fjaðrárgljúfri sem er um 12 km. frá Klaustri og 25 km. seinfarinn jeppavegur er í Lakagíga. Þá er tæplega klukkustundar akstur í þjóðgarðinn í Skaftafelli. Upplýsingaþjónusta ferðamanna er á Klaustri, sími 487 4620.

Fjöldi íbúða	2
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

### Sumar

Vika 20.300

### Skammtímaleiga:

Helgi 9.500 - sólarhringur 3.700

### Vetur

Helgi 9.500 - sólarhringur 1.600





# Vestmannaeyjar



VR hefur til umráða eina íbúð í Vestmannaeyjum, á efri hæð í tvíbýlishúsi við Miðstræti nr. 11. Íbúðin er leigð til félagsmanna í viku í senn sumarið 2005. Komu- og brottfarartími er inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Drífanda sem er í sama húsi og íbúðin, sími 481 2356. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-16. Ef komið er með seinni Herjólfni eða eftir lokun skrifstofu er nauðsynlegt að hringja í skrifstofu á opnunartíma varðandi afhendingu lykla. Ef eithvað kemur uppá hafið samband við skrifstofuna.

## Nágrennið

Daglegar ferðir eru milli lands og Eyja með Herjólfi, sími 481 2800. Vestmannaeyjar hafa upp á margt að bjóða; einstaka náttúrufegurð, skemmtileg söfn, hægt er að skreppa á hestbak, fara í Sprönguna og í Herjólfssdal er góður golfvöllur og leiktæki fyrir börn. Góð sundlaug og íþróttamiðstöð eru á staðnum. Þá er hægt að fara skoðunarferðir um eyjuna bæði með bátum og rútu. Upplýsingamiðstöð er við Básaskersbryggju, sími 481 3555.

Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	96
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	12

## Verð

**Sumar**  
Vika 20.300





# Flúðir



Orlofshús VR að Flúðum eru í Ásabyggð, hús nr. 29, 30 og 30A. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað.

Umsjónarmenn að Flúðum eru Þóra Bragadóttir og Þórarinn Úlfarsson símar 486 6525 og 893 5456.

## Umhverfið


Flúðir er þéttbýliskjarni í Hrunamannahreppi á Suðurlandi. Þar er í boði öll hugsanleg þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og náttúrulegu gufubaði. Margir garðyrkjubændur hafa sest á að Flúðum og þar eru ræktaðir hinir velþekktu Flúðasveppir. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Upplýsingar um nágrennið er að fá í ferðapjónustunni Grund, sími 486 6633.

Fjöldi húsa	3
Stærð í m <sup>2</sup>	54
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika 22.900

**Vetur**  
Helgi 12.500 - sólarhringur 2.100



VIÐTALIÐ

# Valdimars Slott

Valdimar Ingi Oddsson fékk helgarferð í Miðhúsaskógi  
í 10 ára afmælisgjöf frá VR



Árið 1995 urðu þau tíðindi að lítt drengur kom í heiminn í húsi nr. 12 í Miðhúsaskógi. Það bar þannig til að ungt par, Benedikta Hannesdóttir og Oddur Valdimarsson, höfðu brugðið sér í Miðhúsaskógi ásamt nokkrum kunningjum sínum. Þetta átti að vera síðasta ferðin áður en þau yrðu foreldrar en barnið átti að fæðast eftir einn og hálfan mánuð. Allt fór þó öðruvísi en ætlað var því Benedikta fékk verki um nóttina og rúmlega klukkan sjö um morguninn fæddist 8 marka drengur. Benedikta trúði ekki lengi vel að komið væri að fæðingu og því var ekki hringt á sjúkrabíl fyrir en of seint. Það var því Oddur sem tók á móti barninu. Allt gekk að óskum og sveinninn ungur var kominn heim eftir tvær vikur á vökuðeild Landspítalans. Hann dafnaði vel og hlaut nafnið Valdimar Ingi. En hvers vegna skyldi barnið hafa verið að flýta sér svona í heiminn? Benedikta sagði í viðtali við VR-blaðið á sínum tíma að sennilega væri það heita pottinum að kenna, því þau hefðu auðvitað slakað vel á í pottinum kvöldið áður en Valdimar fæddist.

### Afmælisveisla í bústað

Í lok febrúar sl. varð Valdimar tíu ára gamall og af því tilefni bauð VR fjölskyldunni í helgardvöl í húsið þar sem hann fæddist. Fjölskyldan þáði boðið og var haldin afmælisveisla í Miðhúsaskógi með pompi og pragt. Starfsmenn VR skruppu að sjálfsögðu í Miðhúsaskógi í tilefni dagsins með blóm handa afmælisbarninu og hitti fjölskylduna fyrir káta og hressa með tilbúið kökuhladoðborð og fullt af gestum. Bústaðurinn gengur nú undir nafninu „Valdimars Slott“ eða „Aðalbústaðurinn“ í fjölskyldunni.

Hvernig tilfinning skyldi það hafa verið að koma aftur í bústaðinn? „Það var fin tilfinning, en svolitið skrítið því allt var öðruvísi en mig minnti. En ég hugsaði auðvitað um það hvað við vorum ótrúlega heppin að allt skyldi ganga svona vel,” sagði Benedikta.


### Gaman að fá blóm

Afmælishelgin tókst vel hjá fjölskyldunni. Þau komu á föstudagskvöldi og voru fram á mánuðag. Á laugardaginn var svo afmælisveislan haldin. „Þetta var stórr dagur fyrir Valdimar því gestirnir voru nærrí fimmtíu ef allir eru taldir. Valdimar var voðalega stoltur,” sagði Benedikta, „Bæði yfir að fá að koma í bústaðinn þar sem hann fæddist og ekki síður yfir að fá

blómvönd. Þetta var nefnilega í fyrsta skipti sem hann fékk blóm. Hann nostraði við vöndinn meðan lífsmark var með blómunum og klippti loks knúppana af og setti í skál.“ Heiti potturinn var óspart notaður alla helgina af börnum og fullorðnum, enda engin hætta á barnsfæðingum í þetta sinn. ■

Benedikta er skrifstofustjóri hjá Stofnfishi og Oddur er műrari. Þau eiga two syni Valdimar og Daníel Frey sem er að verða sex ára. Daníel skemmti sér hið besta í veislum bróður síns og er harðákveðinn að halda sína veislum líka í bústað. Fjölskyldan vill í lokin koma á framfæri kæri þakklæti til VR fyrir boðið. ■





# Skyggnisskógar



VR á eitt hús í Skyggnisskógi í Biskupstungum. Húsið er leigt til félagsmanna í viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lykill er í lyklaskáp sem er við innganginn í húsið, kóða þarf til að ná í lykilinn.

Umsjónarmaður er Kristín Johansen á Efri-Reykjum, sími 820 1791, en bærinn er auðþekktur af stróknum úr borholunni á Efri-Reykjum. Ef eitthvað bjátar á vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann.

## Umhverfið

Skyggnisskógar er í landi Úthlíðar, skammt frá orlofshúsabyggð VR í Miðhúsaskóginum. Um 20 km eru frá Laugarvatn að afleggjaranum að Úthlíð. Í Úthlíð er rekin alhliða ferðaþjónusta. Þar er sundlaugin Hlíðarlaug, veitingastaðurinn Réttin, bensinstöð, ferðamannaverslun, 9 holu golfvöllur og hestaleiga. Sundlaugar eru einnig á Reykjum og Laugarvatni. Stutt er að Gullfossi og Geysi.

Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	5
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika 22.900

**Vetur**  
Helgi 12.500 - sólarhringur 2.100





# Miðhúsaskógr



Í Miðhúsaskógi í Biskupstungum á félagið alls 20 hús sem leigð eru til félagsmanna allt árið; ýmist í viku eða skammtímaleigu á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjónarmaður er á svæðinu yfir sumartímann en á veturna hefur Kristín Johansen á Efri-Reykjum umsjón með húsunum, sími umsjónarmanna er 820 1791. Ef eithvað bjátar á vinsamlegst hafið samband við umsjónarmann.

## Nágrennið

Miðhúsaskógr er í kjarri vöxnu umhverfi, um 20 km. frá Laugarvatni. Sandkassi er við hvert hús, fjórir leikvellir eru á svæðinu með rónum, rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur er á svæðinu, minigolf og körfuboltavellir við botnlanga 2 og 4. Sundlaugar í nágrenninu eru við Úthlíð, á Reykjum og á Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir. T.d. er 2-3 tíma gangur í Brúarárkörð og skemmtileg og létt gönguleið er meðfram Hrútá. Hægt er að fá göngukort hjá umsjónarmanni.

Fjöldi húsa	20
Stærð í m <sup>2</sup>	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

### Sumar

Vika 22.900  
skammtímaleiga:  
Helgi 12.500- sólarhringur 5.000

### Vetur

Helgi 12.500 - sólarhringur 2.100





# Vaðnes



Í Vaðnesi í Grímnesi hefur VR til útleigu 2 orlofshús sem staðsett eru við Kjalbraut 8 og 8a. Húsin eru eingöngu leigð til félagsmanna í skammtímaleigu á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Yfir vetrar-tímann er hliðið haft læst og sækja þarf lykil að hliðinu til umsjónarmanns. Umsjónarmaður er á svæðinu er Helga Helgadóttir í Vaðnesi, sími 486 4448. Hafið samband við hana ef vandamál koma upp.

## Umhverfið

Til þess að komast í bústaðina er ekið sem leið liggur í Þrastalund, framhjá veitingastaðnum í Þrastalundi og áfram en beygt er til hægri áður en komið er að Kerinu og þaðan er það þriðji afleggjari til vinstri. Húsin standa við Kjalbraut og er bærinn Vaðnes við endann á götunni. Nokkur hús eru í nágrenninu og tilheyrir þeim líttill fótboltavöllur. Ýmislegt er hægt að gera sér til afþreyingar í nágrenninu. Sundlaug er í Hraunborgum, verslun á Minniborg og í Þrastalundi. Golfvellir eru í Öndverðarnesi og Hraunborgum. Laxveiði er í Soginu og silungsveiði í Þingvallavatni og Brúará. Stutt er að skreppa að Laugarvatni og til Selfoss.

Fjöldi húsa	2
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

### Sumar

#### Skammtímaleiga:

Helgi 12.500 - sólarhingur 5.000

#### Vetur

Helgi 12.500 - sólarhringur 2.100





# Ölfusborgir



Ölfusborgir eru í jaðri Hveragerðis, en þar á VR eitt hús, nr. 22 sem nýbúið er að endurnýja að innan. Það er leigt til félagsmanna allt árið, í viku á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum og þá er pantað hjá þeim. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni sem er í þjónustuhúsi þegar komið er inn á svæðið. Sími umsjónarmanns er 483 4260. Lykli er skilað á sama stað. Ef eitthvað bjátar á vin-samlegst hafið samband við umsjónarmann.

## Nágrennið

Frá Hveragerði er fljótfarið til margra af merkustu ferðamannastaða Suðurlands, má þar nefna Gullfoss, Geysi, Skálholt og Þingvelli. Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra, sannkölluð paradís fyrir útvistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennbrautir fyrir börn. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði þar er t.d. sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir og margt fleira. Stutt er í hestaleigu og veiði. Upplýsingamiðstöð Suðurlands, sími 483 4601 og 898 4601.

Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	35
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8
Uppþrottavél	Já
Geislaspilari	Já

## Verð

Sumar  
Vika 22.900





**Síðasti  
skiladagur  
umsókna um orlofshús  
og tjaldvagna VR  
er 15. apríl.**

**Sendið  
umsóknareyðublaðið  
á skrifstofu VR  
eða  
sækið beint um  
á netinu, [www.vr.is](http://www.vr.is)**

**VR**

**ÁRÍÐANDI**

# **Heiti potturinn**

**Látið börnin aldrei vera án  
umsjónar í eða við heita pottinn**



Fátt er notalegra en að skella sér í heitan pott og þá gildir einu hvort það er sumar eða vetur. Allt hefur sinn sjárma. Þá vita allir hvaða áhrif vatn hefur á börn, enda eru þau allra duglegust að sulla í pottunum, sérstaklega yfir sumartímann. En aldrei er of varlega farið. Góð regla er að láta börnin aldrei vera án umsjónar í eða við heita pottinn og setjið lokið yfir pottinn þegar hann er ekki í notkun. Gætið einnig að því að prófa hita vatnsins með hendinni áður en stokkið er ofaní.

Hitastýrð blöndunartæki fyrir pottinn eru á vegg í baðherbergini og leiðbeiningar um notkun hans eru í hverju húsi. Vinsamlegast farið eftir þeim. Á pottinum eru tveir yfirfallslokar, annar fyrir börn en hinn fyrir fullorðna. Skrúfið fyrir vatnið þegar potturinn er fullur. Ekki er æskilegt að samtímis sé látið renna í pottinn og farið í sturtu. Þá geta ofnar í húsinu kólnað á meðan rennur í pottinn, ef álag á hitaveituna er mikið. Látið vatnið vera í pottinum þegar húsið er yfirgefið.



# Í ferðalagið með tjaldvagn

Félagsmenn VR geta sótt um að fá leigða tjaldvagna á sama hátt og orlofshús og verða 30 vagnar til ráðstöfðunar í sumar. Þeir eru leigðir í 6 daga í senn. Athugið þó að ef það er laus vika fyrir eða eftir úthlut-aða viku er mögulegt að fá hana leigða og hafa vagninn í hálfan mánuð. Tjaldvagnarnir eru afhentir að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi og skilað á sama stað milli kl. 10 og 16.

Vagnarnir eru af gerðinni Combi Camp, ætlaðir fyrir fjóra. Þeir eru leigðir út með fylgihlutum, þ.e. yfirbreiðslu, varadekki, dýnum, felliborði, fjórum stólum, gaseldunartæki fyrir 2 potta, hitaofni og gaskút.

Athugið að félagsmenn þurfa sjálfir að fylla á kútana.

Gott er að hafa með sér auk matar og hlífðarfatnaðar; spil, borðtusku og viskastykki, næg teppi, líttinn kúst, vasaljós, alla potta og pönnur og borðbúnað.

## Reglur um tjaldvagna VR

1. Vagnarnir eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki leyfilegt að lána þá öðrum.
2. Leiðbeiningar um notkun eru í vagninum sem leigutaka er skylt að fara eftir.
3. Bíllinn sem draga á vagninn þarf að hafa viðurkenndan tengibúnað fyrir tjaldvagna.
4. Leigutaki ber ábyrgð á vagninum meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem á hans vegum eru.
5. Óheimilt er að aka með vagninn um óbrúðar ár, vegatroðninga, götuslóðir, snjóskafla, ís eða læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur.

## Verð

### Sumar

6 dagar 15.000

13 dagar 24.000

MUNIÐ

# Listi yfir ýmislegt...

...sem erfitt er að vera án en oft gleymist

- Kaffifilter nr. 4
- Viskastykki
- Borðtuskur
- Eldhúsrúllur
- Plastfilma
- Þvottaklemmur
- Krydd
- Ölía til steikingar
- Sósulitur
- Sykur
- Kerti
- Eldspýtur
- Álpappír
- Kol
- Uppkveikilögur
- Handsápa
- Sjampó
- Tannburstinn
- Hlíðarfót
- Góðir skór
- Litill bakpoki
- Hitabrusi
- Inniskór
- Sundfót
- Handklæði
- Auka handklæði til að hafa við dyrnar úti pott
- Sængur- og koddaver
- Lök
- Náttföt
- Myndavél
- Hleðslutækið fyrir gsm símann
- Vasaljós eftir að skyggja tekur
- Leikföng
- Spil
- Lesefni
- Góða skapið :o)





# Búnaður húsanna

Í flestum þeim húsum sem VR hefur til afnota fyrir félagsmenn sína er búnaðurinn miðaður við 8 manns. Þó eru undantekningar á því s.s. í Stykkishólmi og á Stóra-Kambi þar sem húsin eru stærri. Þá má geta þess að í þeim húsum sem ekki eru í eigu VR er búnaðurinn ekki alveg sá sami. Þar er um að ræða íbúðir í Vestmannaeyjum og Súðavík og hús í Aðaldal, Hrísey, Varmahlíð og Vaðnesi.

## Ganga má þó út frá eftirfarandi búnaði

Sængur og koddar eru í húsunum, útvarp og sjónvarpstæki, barnarúm, barnastóll og koppur. Venjuleg eldavél með ofni er í hverju húsi. Í Aðaldal er lítill eldavél með tveimur hellum. Í flest öll hús eru komnir örbylgjuofnar. Verandarhúsgögn og kolagrill eru víðast hvar og reynt er að hafa umhverfið sem notalegast fyrir gestina.

Borðbúnaður er yfirleitt fyrir átta manns eða fleiri auk venjulegra áhalda til eldunar sem nauðsynlegust eru í hverju eldhúsi. WC pappír, uppþvottalögur og einnota borðtuskur eru í húsunum. Þá eru áhöld til þrifa í húsunum, vinsamlegast athugið að einungis má nota þau hreinsiefni sem eru til staðar þar sem sterkt efni henta ekki í rotþróna. Öryggisins vegna eru í húsunum eldvarnarteppi, slökkvitæki, reykskynjari og sjúkrakassi.

Ef eitthvað er í ólagi eða skemmist meðan á dvöl stendur vinsamlegast látið umsjónarmann á viðkomandi stað vita.

## Umgengnisreglur í orlofshúsum VR

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón, sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dveljast á hans vegum í húsinu á leigutíma.
- Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, ræsta húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað.
- Leigjandi skal koma til dvalar í húsinu á skiptidegi.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.
- Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúasvæðinu.
- Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.
- Ekki er leyfilegt að hafa með sér gæludýr í húsunum.
- Lesið vel leiðbeiningar sem festar eru upp í húsunum og skylt er að fara eftir.

[www.vr.is](http://www.vr.is)

# Orlofshúsin á netinu

## Sparaðu tíma og bókaðu orlofshús á netinu

Nú er hægt að sækja um orlofshús fyrir sumarið á netinu. Auk hefðbundinna umsókna um orlofshús í úthlutun verður hægt að bóka hús í skammtímaleigu á netinu sem og orlofshús sem losna eftir úthlutun en þau er hægt að bóka í viku í senn.

### Umsókn um orlofshús - úthlutun

Umsóknarfrestur um orlofshús sumarið 2005 er til og með 15. apríl. Hægt er að sækja rafrænt um á netinu með því að fara inn á [www.vr.is](http://www.vr.is), Orlofshús, Sumarleiga 2005.

### Bóka og greiða hús í skammtímaleigu

VR hefur 12 hús í skammtímaleigu í sumar. Hægt er að bóka og greiða fyrir þau á netinu frá og með 29. apríl og fær sá húsið sem bókar fyrstur. Bókunartímabilið er alltaf átta vikur fram í tímann og er uppfært vikulega, á föstudögum og bætist þá ein vika við.

**Dæmi:** Föstudaginn 29. apríl er hægt að bóka hús í skammtímaleigu til og með fimmtudeginum 23. júní. Viku síðar, eða föstudaginn 6.

maí, bætist ein vika við og er þá hægt að bóka hús í skammtímaleigu til og með fimmtudeginum 30. júní. Þannig bætist alltaf ein vika við á hverjum föstudagi en bókunartímabilið er alltaf átta vikur fram í tímann í skammtímaleigu. Hægt er að bóka hús í skammtímaleigu með því að fara inn á [www.vr.is](http://www.vr.is), Orlofshús, Skammtímaleiga 2005.

### Bóka og greiða laus orlofshús sumarið 2005


Eftir að úthlutun orlofshúsa liggur fyrir losna oftast nokkur hús ein-hverra hluta vegna. Hægt verður að bóka og greiða fyrir þessi hús á netinu á sama hátt og hús í skammtímaleigu og orlofshús að vetri til. Bókunartímabilið er hins vegar 12 vikur fram í tímann en er uppfært á sama hátt og í skammtímaleigu, á hverjum föstudagi þegar ein vika bætist við. Til að bóka og greiða fyrir orlofshús á þennan hátt þarf að fara inn á [www.vr.is](http://www.vr.is), Orlofshús, Bóka orlofshús.



ORLOF 2005

# Lyklaskápar

Til hagræðingar  
fyrir félagsmenn



Til að auka þægindi orlofshúsagesta hafa verið settir lyklaskápar við hluta húsnanna sem til leigu eru fyrir félagsmenn VR í summar.

Orlofshúsagestir þurfa því ekki sækja lyklana til umsjónarmanns þar sem lyklaskáparnir eru til staðar. Sjá nánar í umfjöllun um hvern stað fyrir sig.

Inni í lyklaskápnum er annar lítill skápur með fjögurra númera stafalás og er rétta númerið prentað á samninginn sem afhentur var við greiðslu orlofshússins. Mjög einfalt er að opna lásinn. Tölurnar eru settar á lásinn, ýtt á hann, togað og þá opnast lásinn auðveldlega og lyklinn að húsinu blasir við. Gott getur verið að hafa með sér vasaljós ef komið er á staðinn eftir að skyggja tekur.

Inni í húsunum er glær plastvasi með blöðum fyrir dvalargesti að fylla út, ef þeir hafa einhverjar athugasemdir um dvöl sína í húsinu. Við breyttför skal setja blaðið í umslagið og lykilinn í skápinn.

## Andrés Önd á Akureyri

Sökum mikillar eftirspurnar um íbúðir á Akureyri þá daga sem Andrésar andar leikarnir standa yfir, hefur verið ákveðið að úthluta íbúðunum í Furulundi á næsta ári. Sækja þarf um á netinu, [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á skrifstofu VR fyrir 27. janúar 2006. Niðurstöður munu liggja fyrir 3. febrúar 2006. Verð fyrir þessa daga er kr. 12.700.

## Orlofsávísun

### Samningur við 23 aðila í ferðaþjónustu

Í janúar sl. fengu félagsmenn, sem greitt hafa samfleytt til félagsins a.m.k. síðstu 2 ár, senda orlofsávísun fyrir árið 2005. Ávísunin gildir m.a. í utanlandsferðir ýmisskonar, gönguferðir, ferðalög innanlands og gistingu á hótelum. Ávísunin gildir einnig í orlofhúsum og tjaldvögnum VR innanlands, bæði vegna sumar- og vetrarleigu og upp í leigu á orlofsíbúðum VR erlendis.

Gerðir hafa verið samningur við 23 aðila um samstarf og gildir ávísunin sem afsláttur af þjónustu þeirra. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér vel þá skilmála sem gilda á notkun ávísunarinnar hjá einstökum aðilum á [www.vr.is](http://www.vr.is). Það er von félagsins að sem flestir geti nýtt sér þennan kost og eigi möguleika á að vera á faraldsfæti á árinu.

## Verslunarmannahelgin

Hægt verður að bóka verslunarmannahelgina í skammtímaleigu frá og með 10. júní. Sjá nánari upplýsingar um skammtímaleigu á bls. 28 og á [www.vr.is](http://www.vr.is)

Hitt og betta

# Hjón með ferðabakteríu

## Áhuginn kviknaði í Esjufjöllum í Vatnajökli



Benedikt og Elísabet við fjallið Gigilos sem er næsthæsta fjallið á Krít, yfir 2000m

Hjónin Benedikt Vilhjálmsson formaður orlofsstjórnar VR og kona hans Guðrún Elísabet Bjarnadóttir eru mikið útvistarfolk. Þau eru bæði alin upp í nánum tengslum við náttúruna því bæði eru þau úr sveit, hann Strandamaður og hún Árnesingur. Aðspurður hvernig þau hafi náð saman segist Benedikt brosandi hafa um 18 ára aldur fengið vinnu við uppbyggingu Búrfellsþirkjunar og því komist á sveitaböllin fyrir austan fjall.

### Bakterían kvíknar

Benedikt segir það hafa verið tilviljun að útvistaráhuginn vaknaði hjá þeim hjónum. Framan af hafi honum, sveitastráknum, þótt gönguferðir um fjöll og firnindi hafa þann eina tilgang að elta rollur. Það var svo um miðjan níunda áratuginn að vinnufélagi Benedikts fékk þau til að slást í hóp fólks í göngferð í Esjufjöll í Vatnajökli. Fyrirvarinn var stuttur og litill tími til þjálfunar en þau ákváðu að láta slag standa þótt þau þekktu engan í hópnum nema vinnufélagann. Á síðustu stundu forfallaðist hann, þeim til mikilla vonbrigða, en þau ákváðu að drífa sig samt. „Við sjáum ekki eftir því“ segir Benedikt „því þetta reyndist erfið en frábær ferð og við höfum ferðast mikið síðan með þessu sama

fólk. Þetta var átta tíma ganga upp á jökul með vistir á bakinu til vikudvalar. Við gistum í skála og gengum svo í dagsferðir út frá skálanum. Þessi ferð kveikti algjörlega í okkur.“

Þau hjónin ganga alltaf saman og hafa aldrei farið sitt í hvoru lagi í lengri ferðir. „Enda eins gott, ég yrði sjálfsagt hungurmorða,“ segir Benedikt og hlær. Þau eiga þrjú börn sem auðvitað voru dregin með í alls konar ferðir. „Jú það komu stundir sem þau voru ekkert nema fýlan og leiðindin,“ segir Benedikt „en þetta hefur síast inn og núna eftir að þau eru fullorðin eru þau farin að ferðast mikið með sínum félögum.“


### Einstigi niður í þorpin

Aðspurður um aðra eftirminnilega ferð minnist Benedikt sérstaklega gönguferðar sem þau fóru erlendis. „Við fórum til Krítar árið 2001 með gönguklúbbnum Gönguhrólfum. Þetta var fyrsta ferðin sem farin var á þessar slóðir með gönguhóp og þetta var sérstaklega gaman og minnisstætt vegna þess að það viði enginn hverju hann átti von á. Ferðamannastaðirnir á Krít eru flestir norðan megin á eyjunni þar sem landslag er fremur flatt. Við vorum hins vegar sunnan megin þar sem er mjög klettótt og sumsstaðar nánast einstigi niður í þorpin, þar sem viða er ekki fært nema gangandi, á ösnum eða af sjó. Við klifum m.a. á næst hæsta fjallið á eyjunni sem er 2080 metrar á hæð. Þetta er ótrúlega fallegt göngusvæði en erfitt því að síðustu dagana vorum við að ganga í yfir 30 stíga hita. Þarna vorum við aftur með fólk sem við þekktum ekki neitt, enda gott og gaman að kynna fólk á þennan hátt. Fólk kemst ekki hjá því að sýna sitt rétta andlit í svona ferðum, það kemur ýmislegt upp á sem menn bregðast við á misjafnan hátt.“

### Víða gönguleiðir við orlofshúsin

Benedikt hefur farið víða um Ísland. Hann var spurður hvort ekki væri góð hugmynd að ganga útfrá orlofshúsum VR. „Jú það er auðvitað kjörið. Frá Miðhúsum er til að mynda hægt að ganga meðfram Hrútá og niður að Kóngsveginum eða í Brúaráskörð og upp á Litlahöfða og svo er skemmtilegt að ganga yfir í Úthlíð. Á Klaustri er kjörið að ganga að Systrastapa og upp á Klausturheiði að Systravatni og á Snæfellsnesinu eru auðvitað frábærar gönguleiðir eins og t.d. milli Hellna og Arnarstapa.“ ■

# Hundahald ekki leyft...



Hundaeign landsmanna hefur aukist mjög mikið undanfarin ár og því hefur fyrirspurnum um hundahald í orlofshúsum fjölgæð töluvert. Málið var tekið fyrir á fundi orlofsstjórnar nú nýverið. Þar var tekin sú ákvörðun að leyfa ekki gæludýr í orlofshúsum og tjaldvögnum VR að sinni. Sjálfsagt eru ekki allir á eitt sáttir um þessa niðurstöðu, en komið hafa upp alvarleg ofnæmistilfelli í orlofshúsunum vegna þess að þessari reglu hefur ekki verið hlýtt og ber að taka tillit til þess.

## Sumar og sól á Spáni



Enn eru örfáar íbúðir í Calpe á Spáni sem ekki hefur verið ráðstafað í sumar. Calpe er einstaklega hentugur fjölskyldustáður, frábærar strendur og hlýlegt andrúmsloft. Um er að ræða hálfsmánaðar ferðir í fyrsta flokks íbúðum sem allar eru við ströndina. Áhugasamir hafi samband við þjónustuver VR í síma 510 1700 til að fá nánari upplýsingar.



Síðasti  
skiladagur  
umsókna um orlofshús  
og tjaldvagna VR  
er 15. apríl.

Sendið  
umsóknareyðublaðið  
á skrifstofu VR  
eða  
sækið beint um  
á netinu, [www.vr.is](http://www.vr.is)

**VR**



## ÚTHLUTUNARREGLUR

# Orlofshúsa og tjaldvagna

**1.** Fullgildir félagsmenn njóta forgangs við úthlutun orlofshúsa VR, en þó er heimilt að gera undantekningu varðandi öryrkja.

**2.** Úthlutunartímabil sumars er frá lokum maí mánaðar til miðs september ár hvert, u.p.b. 16 vikur.

**3.** Páskaviku er úthlutað á sama hátt og sumartíma.

**4.** Þeir sem sótt hafa um hús en fá ekki úthlutað, fara á biðlista, sem úthlutað er eftir, ef einhver fellur út.

**5.** Ef umsókn berst ekki um tiltekna viku og enginn umsækjandi óskar að nýta sér það, innan þriggja vikna frá aðalúthlutun, verður húsinu úthlutað til þess sem fyrstur óskar eftir að fá það leigt, þó umsókn hafi ekki borist fyrir aðalúthlutun.

**6.** Ef umsækjandi, sem greitt hefur leigugjald, óskar að hætta við leigu, fær hann endurgreitt, ef húsið leigist öðrum.

**7.** Að loknum sumartíma, frá 15. september til 1. maí, að páskum undanskildum, gildir venjuleg vetrarleiga, en þá eru húsin leigð yfir helgi eða heila viku, allt eftir óskum félaga. Umsóknir um vetrarleigu eru afgreidd-

ar í þeirri röð sem þær berast, þó aldrei meira en 3 mánuði fram í tímann.

**8.** Réttur til úthlutunar á orlofshúsi byggist á félagsaldri í VR að frádregnum fyrri úthlutunum orlofshúsa samkvæmt stigafjölda samanber 9. og 10. lið. Stigafjöldi umsækjenda ræður úthlutun. Séu tveir eða fleiri umsækjendur jafnir að stigum, skal tölva ráða hver fær úthlutað.

**9.** Stig eru reiknuð þannig að hver félagi fær 1 stig fyrir hvern mánuð sem hann greiðir félagsgjald enda sé hann orðinn fullgildur

félagsmaður, það eru þeir, sem greitt hafa lágmarksfélagsgjald viðkomandi árs.

**10.** Fyrir hverja úthlutun á orlofshúsi eða tjaldvagni eru dregin af viðkomandi félaga stig, misjafnlega mörg eftir því á hvaða árstíma hann fékk úthlutað. (Sjá töflur).

**11.** Þegar sótt er um orlofshús er hægt að merkja við aðalval og varaval. Úthlutað er eftir stigafjölda umsækjenda. Fái umsækjandi ekki ósk sína uppfyllta skv. aðalvali, þá er varaval hans skoðað og eigi hann rétt samkvæmt því, fær hann úthlutun.

## Frádráttur við úthlutun húsa og tjaldvagna sumar og vetur

	Orlofshús	Tjaldvagnar 6 dagar	Tjaldvagnar 13 dagar
<b>1. júní - 15. júní</b>	<b>20 stig</b>	<b>15 stig</b>	<b>30 stig</b>
16. júní - 15. ágúst	60 stig	30 stig	60 stig
<b>16. ágúst - 15. sept.</b>	<b>20 stig</b>		
Helgarleiga, vetur	10 stig		
Virkir dagar, vetur	0 stig		
Áramót	15 stig		
Páskar	<b>60 stig</b>		
Hálf páskavika	30 stig		

Til frádráttar skv. töflunni  
koma allar úthlutanir frá árinu  
1965 þegar VR bauð fyrst upp  
á orlofshús fyrir félaga sína.

## Skammtímaleiga, frádráttur stiga

Fyrir hvern sólarhring
Frá sumarúthlutun fram í miðjan júní
Frá miðjum júní fram í miðjan ágúst
Frá miðjum ágúst fram í miðjan september

## FIMM HUGMYNDIR

# ...um hvað hægt er að gera í fríinu

Vakna snemma, útbúa  
góðan morgunverð  
og njóta  
morgunsólarinnar



Fara í gönguferð  
í nágrenninu



Könguló, könguló  
vísaðu mér  
á berjamó...



Fara með  
börnini í sund



Borða nesti  
í grænni laut

# krossgáta



A crossword grid with various words filled in. The grid is organized into rows and columns, with some words being longer than others. The words are written in a mix of capital and lowercase letters. Some words are partially obscured by arrows pointing in different directions (up, down, left, right). The grid is set against a white background.

	FLATN ESKIA	SUNDIN V LISTAR	MÅLM HÚBA	STÖRVI TINDI	KULDUR SAENSA	JEL VÍÐ- MÖTIW GÖD E ENI
LEPP- GERD				20		
VAFAM- MÁL			8			v
FLAN	3			SALDA SYRUM HELD UR		
LÆT- GOTT HEITA	BLOTTI		16		KRAFT- UR	
JÄRDA- HEFN				FAR- VIDRI		5
LÆND- HJARTI- HARFAS- +TRALLI- JER	10	2			FLÝTIG HÆTT- FETTIL	
VAL- KVITU	19			HREINIR		32
				FÉLAU		
RÖME- TALA GLAT- API		GLYCH	13			LTOMMI + AREIFI
NEMA + HTARN			2			
GÖGNUR JAMAH		34		VÖFAR	KETIS- KVEIT- UR	
ÖPENKT- UR	21	SPR- ÖLD- URNAE				
TSOU + FISALL			2			24
MÅLM- UR		KAUP	28	ILAT	KÖFFUR KÖLTA	26
BRUN- AR	25	DRAFI UR VÍBN			MERGB KUEN- FUGL	22
VATNA- LÖÐUR			DELT- MINNA HARMS- MARMS	30		19
BJART- AR	14			GUDINN KÖRNJ		
SKJ- ÖRAR			27	GAUSS GURT		FREUN- DE FAFI SÉFI
ÅKAFI		29	GAUSSAR HVARP	9		RUSL V FRA
SYNTA- NÍQUE- STARA	11	SYNTA NÍQUE- STARA			REYKSA ÖÐEL	
SKYLDUN- REKHN- AR			HITI	TÝRARA DEYK- UR		4
VERD- LITILL	13	JÖTTU DÝRE	31		SLA FAR- EIND	
BLUNDI			HREFNA- HLÖR	HE- KÖNNAN STUNUR	7	
				RUDDA TÖNN		6
FRÖJA- FETH + ÆTLÍF- URKA		2				
TIMUND- UR + SÍOMÍG	16		2		35	10NN



## Verðlauna- krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í janúarblaðinu var máls-  
hátturinn: „**Betra er að bjargast við sitt en biðja  
aðra.**“ Óvenju margar lausnir bárust.

Hlutskarpastur að þessu sinni var **Kristján Þórir  
Hauksson** en hann starfar sem sölustjóri hjá DV  
og óskum við honum til hamingju með vinn-  
inginn.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er einnig  
málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er **2.  
maí nk.** Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og  
skrifið „krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar,  
Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að  
senda lausnina á vr@vr.is

# „Ég hefði viljað að myndirnar yrðu sameign ykkar allra“

sagði Kjarval eftir opinun málverkarsýningar sinnar í Listamannaskálanum 13. febrúar 1945, þegar nár öll verkin seldust upp á 20 minútum.

Með útgáfu Kjarvalsbókarinnar má segja að loks sé haegt að uppfylla ósk Kjarvals um sameign allra á myndum hans.

Lifshlaup Kjarvals var ævintýri likast. Saga fátæks alþýðupílts sem braust til mennta og varð einn merkasti listamaður þjóðarinnar og goðsögn í lifanda lífi. Með verkum sínum opnaði hann augu Íslendinga fyrir töfrum og tign landsins og því dulmagni sem hann skynjaði í náttúrunni.

Listasafn ASÍ varðveitir nokkur af stórbrottnustu verkum Kjarvals og mun hluti af andvirköni hvírrar seldrar bókar til félagsmanna í Alþýðusambandi Íslands renna í listaverkakaupasjóð safnsins.

Kristín G. Guðnadóttir, safnstjóri Listasafns ASÍ

# Kjarval

Pantaðu núna á [nesutgafan.is](http://nesutgafan.is)


og sparaðu 4.000 krónur

Bú getur valið um að greiða pöntunina í eimini lagi við útkoma bókarinnar eða með léttgreiðslum í 5 mánuði.  
**Þú byrjar ekki að borga fyrr en í október þegar bókin kemur út.**

## á einstöku tilboði til þín!

Í haust kemur út vegleg bók um Jóhannes S. Kjarval listmálara. Í þessu glasilega verki eru list Kjarvals og lifshlaupi gerð ítarleg skil í málí og myndum. Höfundarnir, Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur, Silja Ádalsteinsdóttir bókmennatafræðingur og Gylfi Gíslason myndlistarmaður, veita lesendum nýja sýn á persónu og listskópun þessa margbrotna snillings.

Tilboðsverð  
til félagsmanna VR  
**14.900 kr.**  
fullt verð  
**18.900 kr.**



640  
síður

Bókin er 640 blaðsíður í stóru broti, prýdd ríkulegu úrvali af málverkum og teikningum listamannsins ásamt fjölda ljósmynda úr lífi hans og starfi og verður gefin út á ensku og dönsku, auk íslenskunnar.

Útgáfudagur er 15. október  
en þá verða liðin 120 ár  
frá fæðingu Kjarvals.





YFIRLIT YFIR INNEIGN ÞÍNA OG RÉTTINDI Á VR.IS

## Veistu hvaða rétt þú átt?

Þú getur skoðað þína eigin stigaeign í sjóðum félagsins og yfirlit yfir greiðslu félagsgjálda á vefnum. Þú þarft einungis að sækja um lykilord.

Nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is)

Starf okkar  
eflir  
þitt starf

**VR**